

Árið 2011, fimmtudaginn 6. janúar, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur í málinu nr. E-13044/2009

Snæbjörn Konráðsson

(Grímur Sigurðarson hdl.)

gegn

Landsvaka hf.

(Stefán Geir Þórisson hrl.)

kveðinn upp svofelldur

DÓMUR:

Mál þetta, sem dómtekið var 14. desember 2010, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Snæbirni Konráðssyni, kt. 000000-0000, Kirkjusandi 3, Reykjavík, gegn Landsvaka hf., kt. 000000-0000, Hafnarstræti 5, Reykjavík, með stefnu sem birt var 18. nóvember 2009.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 7.561.527 kr. með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 3. apríl 2009 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning. Einnig er krafist virðisaukaskatts á málskostnað þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili.

Dómkröfur stefnda eru að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar stefnda að skaðlausu samkvæmt mati dómsins.

*Stutt yfirlit um atvik að baki máli og ágreiningsefni í því:* Stefnandi átti hlutdeildarskírteini í fjárfestingarsjóði að nafni Peningabréf Landsbanka ISK er rekinn var af stefnda, Landsvaka hf. Stefnandi telur að 3. október 2008 hafi hlutdeildarskírteini hans í fjárfestingarsjóðnum verið að virði 24.235.664 kr. Upplýst er að stjórn Landsvaka hf. ákvað 6. október 2008 að fresta innlausn hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Daginn eftir tók Fjármálaeftirlitið yfir vald hluthafafundar Landsbanka Íslands hf. og vék stjórn hans frá og setti yfir hann

skilanefnd með heimild í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008.

Í kjölfar tilmæla Fjármálaeftirlitsins, hinn 17. október 2008, ákvað stjórn Landsvaka hf. að slíta peningamarkaðssjóðum félagsins og gera upp eignir þeirra. Í framhaldi af því fékk stefnandi í lok mánaðarins 16.674.137 kr. greiddar, þ.e. 68,8% af 24.235.664 kr. Deilt er um hvort stefndi hafi með þessu valdið stefnanda tjóni er stefndi beri skaðabótaábyrgð á eða ekki.

*Helstu málsástæður stefnanda og réttarheimildir er hann byggir á:* Byggt er á því að Landsvaki hf. sé rekstrarfélag í skilningi 2. gr. laga nr. 30/2003 og hafi starfað á grundvelli þeirra laga. Þá hafi fjárfestingarsjóðurinn Peningabréf Landsbanka ISK verið fjárfestingarsjóður í skilningi III. kafla A sömu laga. Samkvæmt 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 sé meginreglan sú að hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða eru innlausnarskyld og um innlausn fjárfestingarsjóða fari samkvæmt reglum sjóðanna.

Vísað er til þess að í 1. mgr. 10 gr. reglugerðar fyrir Peningabréf Landsbankans ISK segir:

Fyrir endanlegan gjalddaga hlutdeildarskírteina er Landsvaki hf. skuldbundinn til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupgengi, sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um. Viðskipti með hlutdeildarskírteini í Peningabréfum Landsbankans ISK fara fram samdægurs berist ósk um viðskipti fyrir kl 16:00.

Þá er vísað til þess að í 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 sé fjallað um heimild til frestunar innlausnar sem sé undantekning frá meginreglunni um innlausnarskyldu, en þar segir m.a.:

Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Einnig er vísað til þess sem segir í 2. og 3. mgr. 10. gr. reglugerðar fyrir peningabréf Landsbankans ISK:

Landsvaka hf. er þó heimilt undir sérstökum kringumstæðum að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Slík frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verði einungis beitt mæli sérstakar ástæður og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina með því. Sem dæmi um slík tilvik má nefna lokun kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði eða sjóðurinn standi frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki er unnt að mæta þeim nema með sölu eigna sem gæti tekið einhvern tíma.

Frestun skv. 2. mgr. skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirliti og eftirlitsaðilum annarra ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins þar sem hlutdeildarskírteini sjóðsins hafa verið sett á markað. Slík frestun skal enn fremur auglýst opinberlega.

Stefnandi byggir á því að ljóst sé að ákvæði um tilkynningu frestunar innlausnar sé til þess að vernda hagsmuni eigenda hlutdeildarskírteina og tryggja jafnræði þeirra. Samkvæmt 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 sé forsenda þess að rekstrarfélag geti frestað innlausn hlutdeildarskírteina í fyrsta laga sú að tilkynning hafi sannanlega borist til Fjármálaeftirlitsins og í öðru lagi að frestunin hafi verið auglýst opinberlega.

Stefnandi vísar til þess að hafa sent fyrirmæli um innlausn skírteinanna að kvöldi 5. október 2008, fyrirmæli, er hafi verið móttækin af starfsmanni Landsbankans í Lúxemborg daginn eftir kl. 07.37 og send til afgreiðslu í bakvinnslu bankans. Ákvörðun um frestun innlausnar hafi verið tekin af stjórn Landsvaka hf. á fundi, sem haldinn var mánudaginn 6. október 2008 milli kl. 09.30 og 10. Ákvörðunin hafi ekki verið tilkynnt Fjármálaeftirlitinu fyrr en kl. 11.04 og ekki auglýst opinberlega fyrr en kl. 14.03 sama dag. Samkvæmt þessu hafi frestun innlausnar á hlutdeildarskírteinum ekki tekið gildi þegar fyrirmæli stefnanda um innlausn barst starfsmanni Landsbankans. Og þar sem tilkynning um frestun innlausnar barst ekki Fjármálaeftirlitinu fyrr en kl. 11.04 verði að líta svo á að sjóðurinn hafi að minnsta kosti verið opin til kl. 11.04 hinn 6. október 2008. Landsvaka hf. hafi því borið að fara að fyrirmælum stefnanda um innlausn, sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 og 1. mgr. 10. gr. reglna fjárfestingarsjóðsins. Þessi vanræksla hafi valdið umdeildri kröfu stefnanda. Tölulega sé kröfufjárhæðin reist á mismun á gengi peningabréfa 6. október 2008 annars vegar og á gengi útgreiðslu bréfanna við slit sjóðsins 28. október 2008 hins vegar.

Um réttarheimildir vísar stefnandi til ákvæða laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, einkum ákvæða III. kafla A og II kafla A-D og H. Þá er einnig vísað til ákvæða laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, reglugerðar nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd. Enn fremur vísar stefnandi til hinnar almennu sakarreglu og meginreglu um vinnuveitendaábyrgð og kröfuréttindi. Varðandi kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Um varnarþing vísar hann til 33. gr. laga um meðferð einkamála og um aðild til 17. gr. sömu laga. Um virðisaukaskatt er vísað til laga nr. 50/1988.

*Helstu málsástæður stefnda og réttarheimildir er hann byggir á:* Stefndi mótmælir túlkun stefnanda á ákvæði 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003, en í 1. mgr. og 2. mgr. 53. gr. segir:

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla [III. kafla] eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs. Rekstrarfélagi er skylt að vekja sérstaka athygli viðskiptavinar á þeim reglum sem gilda um innlausnarskyldu sjóðs.

Þrátt fyrir 1. mgr. er fjárfestingarsjóðum heimilt samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins að fresta innlausn hlutdeildarskírteina. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina og verður einungis beitt mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjist. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu. Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega.

Stefndi vísar til þess að eftir orðanna hljóðan eigi að tilkynna um frestun þegar ákvörðun um hana hefur verið tekin en ekki áður eins og stefnandi heldur fram. Þá eigi sér hvorki stoð í orðunum *Jafnframt skal frestun auglýst opinberlega* né í lögskýringargögnum að gildisskilyrði ákvörðunar um frestun sé að hún hafi **áður** verið auglýst opinberlega svo sem stefnandi heldur fram.

Stefndi byggir á því að ákvörðun um frestun innlausnar skv. 2. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 taki gildi um leið og ákvörðunin er tekin á lögmatan hátt skv. reglum þess sjóðs sem í hlut á hverju sinni. Sjóðnum beri síðan skylda til að tilkynna Fjármálaeftirlitinu þessa ákvörðun og auglýsa hana opinberlega. Ákvörðun um frestun innlausnar í þessu tilviki hafi verið tekin á fundi Landsvaka hf. milli klukkan 9.30 og 10 hinn 6. október 2008. Klukkan 11.04 sama dag hafi Fjármálaeftirlitinu verið tilkynnt um ákvörðunina og frestur innlausnar verið auglýstur opinberlega klukkan 14.03 sama dag.

Vísad er til þess að fyrir liggja að skilaboð stefnanda með fyrirmælum um innlausn skírteina hans voru fyrst móttækin af starfsmanni Landsbankans í Lúxemborg klukkan 07.37 6. október 2008. Frá þeim tíma höfðu einungis tæpar 2 klukkustundir liðið þar til ákvörðun um frestun innlausnar var tekin, en í 1. mgr. 53. gr. laga nr. 30/2003 segi m.a.:

Hlutdeildarskírteini fjárfestingarsjóða samkvæmt þessum kafla eru innlausnarskyld. Um innlausn fjárfestingarsjóða fer samkvæmt reglum sjóðs.

Samkvæmt framangreindu telur stefndi ljóst að undir venjulegum kringumstæðum hafi Landsvaka hf. verið skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu stefnanda. Hins vegar sé þarna ekki nákvæmlega kveðið á um tímamark, heldur aðeins vísað til þess að um innlausn fjárfestingarsjóða fari samkvæmt reglum viðkomandi sjóðs, en í 1. mgr. 10. gr. reglna fyrir Peningabréf Landsbankans ISK segi:

Fyrir endanlegan gjalddaga hlutdeildarskírteina er Landsvaki hf. skuldbundinn til að innleysa hlutdeildarskírteini að kröfu eiganda á því kaupgengi, sem gildir á innlausnardegi í samræmi við ákvæði laga og reglna þar um. Viðskipti með hlutdeildarskírteini í Peningabréfum Landsbankans ISK fara fram samdægurs

berist ósk um viðskipti fyrir kl 16:00.

Ósk stefnanda um innlausn hafi borist starfsmanni stefnda klukkan 7.37 hinn 6. október 2008. Stefndi hefði því innleyst hlutdeildarskírteini stefnanda að kröfu hans 6. október 2008 ef opnað hefði verið fyrir viðskipti þann dag, en það hefði ekki verið gert.

Helgina 4. til 5. október 2008 hefðu átt sér stað viðræður milli ríkisstjórnarinnar, Fjármálaeftirlitsins, Seðlabankans, viðskiptabankanna, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrisjóða og fleiri aðila. Mikil ókyrrð hefði ríkt á fjármálamörkuðum. Stjórn Landsvaka hf. hefði því að morgni 6. október 2008 ákveðið að loka fyrir innlausnir í öllum sjóðum félagsins með hagsmuni sjóðfélaga í huga, en regla hefði verið, samkvæmt útboðslýsingu Peningabréfa Landsbankans ISK, að opið væri fyrir viðskipti í sjóðnum virka daga frá klukkan 10 til 16 árið um kring og uppgjör á kaupum og sölu í sjóðnum, sem bærust á opnunartíma, yrðu afgreidd. Ekki hafi borist beiðni frá stefnanda um sölu í sjóðnum á opnunartíma sjóðsins.

Stefndi byggir á því að félagið hafi ekki valdið stefnanda tjóni með saknæmum hætt. Þá sé tjón stefnanda bæði ósannað og algerlega vanreifað. Hann hafi hvorki greint frá því hvað hann greiddi fyrir hlutdeildarskírteini í Peningabréfum Landsbanka ISK né hvenær. Þá hafi stefnandi ekki sýnt fram á orsakasamband milli ætlaðs tjóns síns og ætlaðs saknæmis og ólögmeats atferlis stefnda, Landsvaka hf.

Um réttarheimildir vísar stefndi til laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði, laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og laga um meðferð einkamála nr. 991/1991. Þá vísar stefndi til stjórnvaldsfyrirmæla byggðum á lögum, einkum stjórnvaldsfyrirmæla og ákvarðana sem teknar voru af Fjármálaeftirlitinu.

Stefnandi *Snæbjörn Konráðsson* bar fyrir rétti m.a. að hann starfi í veðdeild hjá Landsbankanum og starf hans felist í því að sjá til þess að vefur og innra net Landsbankans og vefir dótturfyrirtækja séu í takt við það sem viðskiptavinir óska eftir hverju sinni.

*Ingvar Karlsson*, sjóðstjóri í skuldabréfasjóði stefnda, bar fyrir rétti m.a. að peningamarkaðssjóður, sem hér um ræðir, væri opnaður klukkan 10 á morgnana. Viðskipti í þessum sjóði færu fram á ákveðnu gengi sem væri það sama yfir allan daginn. Almennt væri gengi dagsins tilbúið síðustu 10 til 15 mínútur fyrir opnun og gefið út á kerfin. Mánudaginn 6. október 2008 hefði ekkert gengi verið ákveðið og ekkert gengi farið inn í kerfin.

Ingvar sagði að um leið og bóúð væri að gefa út gengið og staðfesta það, fari það inn í kerfin og þá væri unnt að eiga viðskipti á því gengi. Ekki hefði verið opnað fyrir viðskipti 6. október 2008.

Vísað var til dskj. nr. 51, útdráttur úr útboðslýsingu, þar sem segir m.a. á bls. 7: „Uppgjör á kaupum og sölu í sjóðnum, sem berast á opnunartíma, eru afgreidd T +0.“ Ingvar sagði að þetta þýddi *samdægurs*; T stæði fyrir viðskiptin, viðskiptadag, þannig að þetta væri sama dag og viðskiptin færu fram.

Ingvar kvaðst ekki vita til þess að neinar pantanir hefðu verið afgreiddar mánudaginn 6. október 2008, enda hefði ekkert gengi verið ákveðið fyrir þann dag. Hann kvaðst ekki vita til að pantanir, sem móttæknar hefðu verið föstudaginn 3. október 2008 en ekki afgreiddar þann dag, hefðu verið afgreiddar síðar á gengi föstudagsins 3. október.

*Niðurstaða:* Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur að fjárhæð 7.561.527 kr. með tilgreindum dráttarvöxtum og málskostnaði. Fram kemur að fjárhæðin er miðuð við að gera stefnanda eins settan við slit Peningabréfa Landsbanka ISK og ef greitt hefði verið úr sjóðnum eftir dagsgengi hlutdeildarskírteina, sem síðast gildi áður en lokað var fyrir innlausn þeirra 6. október 2008. Stefnandi hefur hins vegar hvorki sýnt fram á hvernig þetta innlausnarverð hefði átt að geta haldist óbreytt eftir 6. október 2008 né sannað að stefndi hafi með saknæmum eða gáleysislegum hætti lokað fyrir innlausn þeirra.

Af öllu framangreindu, og með vísun til röksemda og lagasjónarmiða stefnda að öðru leyti, verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Rétt þykir að stefnandi greiði stefnda 500.000 kr. í málskostnað.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Landsvaki hf., er sýkn af kröfum stefnanda, Snæbjörns Konráðssonar.

Stefnandi greiði stefnda 500.000 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson

